

Fundargerð

225. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn fimmtudaginn 30. júní 2022 í Laxdalshúsi, Akureyri kl. 13.00

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar

Engar athugasemdir bárust vegna fundargerðar 224. fundar og var hún samþykkt.

2. Áherslur heilbrigðisnefndar í umhverfismálum

Alfreð Schiöth framkvæmdastjóri og Jón Ingi Cæsarsson formaður fóru yfir nokkur mál á umhverfissviði sem hafa komið upp á undanförunum árum og var eftirfarandi bókað:

Loftslagsmál:

Heilbrigðisnefnd hvetur öll sveitarfélög til þess að setja sér loftslagsstefnu og aðgerðaráætlanir og vinna gagnert að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og vinna að aukinni bindingu kolefnis.

Athygli er vakin á þeim möguleika að sveitarfélögin nýti leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um innleiðingu grænna skrefa hjá ríkisstofnunum og hefji slíka vinnu fyrir öll svið og stofnanir á vegum sveitarfélaga og gangi þannig kerfisbundið og ákveðið til verks.

Svifryksvandi í Akureyrarbæ:

Heilbrigðisnefnd minnir á mikilvægi þess að Akureyrarbær haldi áfram á þeirri braut að fyrirbyggja að svifryk skaði heilsu íbúa og gesta á Akureyri og er vísað til viðbragðsáætlunar heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra til að bæta loftgæði utandyra (216. fundur, 4. nóv. 2020).

Heilbrigðisnefnd vekur sérstaka athygli á mikilvægi þess að gera átak í því að fyrirbyggja að óhreinindi berist á götur bæjarins með vörubílum og vinnuvélum, þ.e. að Akureyrarbær setji verktökum kröfur um vandað verklag og að verktakar þrifi upp eftir sig ef óhreinindi berast út á götur.

Þá er athygli vakin á þeim möguleika að nota rykbindiefniefnið CMA (Calcium Magnesium Acetat) sem skammtímaaðgerð þegar mælingar sýna of há svifryksgildi eða þegar líkur eru á að svifryksgildi muni hækka vegna aðstæðna og veðurspár. CMA hefur þann kost að vera umhverfisvænn valkostur og virkar bæði sem rykbindiefni og hálkuvörn. CMA tærir ekki bíla og er mælst til þess að Akureyrarbær prófi þetta efni við slík skilyrði.

Athygli er vakin á tillögu heilbrigðisnefndar dags. 6. nóv. 2019 (211. fundur) þess efnis að Akureyrarbær og Akureyrarhöfn fjárfesti í færanlegum svifryksmæli (til viðbótar við fasta mælistöð í miðbænum), sem verði notaður gagnert til þess að fylgjast með svifryki víðsvegar í Akureyrarbæ og einnig vegna mengunar frá skemmtiferðaskipum í Akureyrarhöfn (útblastursmælingar) og að Akureyrarhöfn grípi til viðbragða þegar mengun frá skemmtiferðaskipum fer yfir mörk.

Kortlagning hávaða í þéttbýli og þar sem búast má við hávaðamengun:

Heilbrigðisnefnd minnir á skyldur sveitarfélaga um kortlagningu hávaða vegna umferðar og gerð aðgerðaráætlana um viðbrögð gegn hávaðamengun; s.s. með skipulagningu umferðar, með því að hægja á umferð, með því að gera hljóðmanir og með því að styrkja íbúa til aðgerða heima fyrir, s.s. með betri hljóðeinangrun (hljóðeinangrandi gler) og öðrum byggingatæknilegum úrræðum.

Þá þarf að vera hægt að sannreyna hvort reiknuð hávaðakort endurspegli raunverulega hávaðamengun með mælingum á völdum stöðum. Á þetta reynir fyrst og fremst í þéttbýli þar sem er þung umferð. Við slíkar aðstæður er æskilegt að viðkomandi sveitarfélag geti framkvæmt langtímamælingar; eða eigi samning við þjónustuaðila sem getur tekið slíkt að sér.

Fráveitumál:

Heilbrigðisnefnd minnir á skyldur sveitarfélaga um úrbætur í fráveitumálum og hvetur öll sveitarfélög til átaks í málaflöknum. Málið varðar ímynd Íslands á sviði matvælaframleiðslu, ferðaþjónustu og umhverfisverndar og raunveruleg hættu er á að orðspor Íslands laskist alvarlega ef sveitarfélög taka sér ekki tak og ljúka lögboðnum úrbótum í fráveitumálum.

Ef málaflokkurinn fær ekki framgang hjá sveitarfélögum, þá getur farið svo að starfsleyfi fyrirtækja á skólpmengudum svæðum verði takmörkuð eða felld úr gildi. Dæmi um slíka skólpmengun er þegar skólpmengaður sjór gengur á land í stórviðrum og mengar næsta umhverfi fyrirtækja í matvælavinnslu, veitingarekstri og ferðaþjónustu.

Tiltektir í þéttbýli og til sveita:

Heilbrigðisnefnd minnir á nauðsyn þess að öll sveitarfélög skipuleggi hreinsunarátak að vori og oftar eftir þörfum með auglýsingum og hvatningu til íbúa og fyrirtækja.

Mikilvægt er að sveitarfélög eigi samning við verktaka sem geta fjarlæggt og geymt lausadót og drasl og óskráð farartæki. Geymsla þarf að vera lokuð, t.d. afgirt port eða hús, þannig að ekki verði um vangeymslu að ræða. Að loknum 30 daga geymslutíma er heimilt að farga viðkomandi hlutum.

Þegar um er að ræða óskráð farartæki (eða lausamuni); þarf að leita eftir síðasta skráða eiganda og senda honum ábyrgðarbréf þar sem honum er gert að leysa til sín farartækið gegn greiðslu kostnaðar (dráttar- og geymslugjöld). Um þennan verkferil gildir Samþykkt um umgengni utanhúss á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra með síðari breytingum (nr. 463/2002 og 289/2022).

Samþykkt um umgengni utanhúss er samþykkt af öllum sveitarfélögum á starfssvæði nefndarinnar. Heilbrigðiseftirlitið er algjörlega háð stoðkerfi viðkomandi sveitarfélags þegar kemur að því að beita heimild til að fjarlægja, geyma og farga eigum, drasli og lausadóti sem er skilinð eftir í vanhirðu.

Það er afar mikilvægt að kjörnir sveitarstjórnarfulltrúar standi vörð um þessar heimildir heilbrigðisnefndar og leggi málinu lið af heilindum.

Þá minnir heilbrigðisnefnd á bókun nefndarinnar frá 21. nóv. 2022 (222. fundur):

„Önnur mál:

Sjafnarnes í Akureyrarbæ. Umræða varð um mikilvægi þess að bæta umgengni á athafnasvæðum Skútabergrs og Akureyrarbæjar í Sjafnarnesi. Væntingar eru um að Skútabergr geri gagngerar úrbætur hvað varðar að fjarlægja lausamuni og brotajárn af athafnasvæðum fyrirtækisins í Sjafnarnesi samhliða uppbyggingu á vönduðu geymslusvæði í Hörgársveit og að Akureyrarbær hreinsi upp gler- og múrbrotshauga í Sjafnarnesi skv. samkomulagi við Skútabergr

Glérárós í Akureyrarbæ. Umræða varð um mikilvægi þess að Akureyrarbær framfylgi skipulagsákvæðum varðandi athafnasvæði Finns ehf sunnan við Glerárós; um er að ræða umfangsmikla efnishauga og á stundum vinnslu á malbiksbrotum án tilskilinna leyfa. Ásynd svæðisins er slæm og starfseminni fylgir ryk og önnur óþægindi fyrir nágranna.

Þá varð umræða um mikilvægi þess að sveitarfélög geri kröfu um að eigendur eða umráðamenn gáma í langtímastöðu afli sér stöðuleyfis hjá viðkomandi sveitarfélagi í samræmi við reglur þar um. Í þessu sambandi er hvatt til þess að sveitarfélögin taki saman yfirlit yfir fjölda gáma sem er í langtímastöðu án þess að hafa tilskilin stöðuleyfi.

Umsagnir:

- 1. Umsögn til Skiplagsstofnunar; umhverfismatsskýrslu vegna Blöndulínu 3**
- 2. Umsögn til Skipulagsstofnunar vegna efnistöku í landi Garðs í Mývatnssveit**
- 3. Umsögn til Skipulagsstofnunar vegna styrkingar á Kópaskerslínu 1, Norðurþingi**

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi kynnti umsögn undir lið 1 og Jóhannes Haukur Hauksson kynnti umsagnir undir lið 2 og 3.

Umsóknir um starfsleyfi:

- G-Unit ehf kt. 520914-0560, Geislagata 10, íbúð 302, útleiga á íbúð. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
- Rafpóling ehf, kt. 420207-0930, Höfða 10, 640 Húsavík, yfirborðsmeðferð á málm. **Samþykkt til 12 ára.**
- Slettusveppir ehf, kt. 560517-0410, Hnitbjörgum, félagsheimili, 675 Raufarhöfn, sveppatínsla, þurrkun, pökkun og sala sem smávara í sælkeraverslun í Reykjavík. **Samþykkt til 12 ára.**
- Zipline Akureyri ehf kt. 490522-1230 Akureyri, leiðsagðar ferðir með hópa um ziplínubraut í Glerárgili. **Samþykkt til 30. sept. 2026 með fyrirvara um lokaúttekt.**
- Úlla Árdal kt. 180387-3669 Reykjum II 607 Akureyri, jarðarberjaræktun, pökkun og sala. **Samþykkt til 12 ára.**
- RXehf kt. 661109-1300 Vallholtsvegi 8 640 Húsavík, æfingarstöð, Crossfit ásamt aðstöðu til glímubardaga. **Samþykkt til 12 ára.**
- Romulus ehf kt. 650222-0590, Hótel Tjarnir við Stórutjarnaskóla, 641 Húsavík, gististaður í flokki 2c-minna gistiheimili, 16 herbergi. **Samþykkt til 12 ára.**

8. Holtssels Hnoss kt. 690819-0230 605 Akureyri, rekstur á ísbúð ásamt því að bjóða upp á pylsur/hamborgara við sérstök tilefni, eins og 17. júní **Samþykkt til 12 ára.**
9. N1 ehf kt. 411003-3370, Hraunvegi 8 660 Mývatns, söluturn, sala á forpökkuðum matvælum, pylsum og brauðmeti sem er bakað á staðnum. **Samþykkt til 12 ára.**
10. Spes streetfood ehf, kt. 410317-0280 Hjalteyri, matarvagn, matarundirbúningur fer fram á Eyri, veitingahúsi á Hjalteyri. **Samþykkt til 12 ára.**
11. Ásverjar ehf, Veggur veitingahús, kt. 691119-0410, Tóvegg 671 Kópasker, rekstur veitingahúss. **Samþykkt til 12 ára.**
12. Pizzakofinn ehf kt. 650422-2790 Garðarsbraut 20 640 Húsavík, „take away“ þjónusta. **Samþykkt til 12 ára.**
13. Óðinn Akureyri ehf kt. 460422-1320 Skipagötu 4 600 Akureyri, gististarfsemi í flokki 2. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
14. Óðinn Akureyri ehf kt. 460422-1320 Skipagötu 6 600 Akureyri, gististarfsemi í flokki 2. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
15. Óðinn Akureyri ehf kt. 460422-1320 Ráðhústorgi 5, 600 Akureyri, gististarfsemi í flokki 2. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
16. Óðinn Akureyri ehf kt. 460422-1320 Hafnarstræti 106, 600 Akureyri, gististarfsemi í flokki 2. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
17. Samlokan ehf kt. 680119-1630 Garðarsbraut 7 640 Húsavík, kaffisala og léttar veitingar, ísbúð. **Samþykkt til 12 ára.**
18. AG veitingar ehf kt. 410422-0690, Seljahlíð 5c 603 Akureyri, rekstur á veitingavagni (hamorgarar og franskar). **Samþykkt til 12 ára.**
19. Hríseyjarskóli kt. 410169-6229 Hólabraut 630 Hrísey, endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára.**
20. Akur organic ehf kt. 410322-1100 680 Þórshöfn, lífræn ræktun á gulrótum og rófum, pökkun og sala. **Samþykkt til 12 ára.**
21. Snyrtistofan Heilbrigð húð kt. 061189-3199 Kaupangi v/Mýrarveg 600 Akureyri, sala á fæðubótarefnum, viðbót við gildandi starfsleyfi. **Samþykkt til 12 ára.**
22. Elsa snyrting kt. 300992-3319 Grundargerði 5a 600 Akureyri, snyrtistofa. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
23. 1926 ehf kt. 630222-0870 Brekkugötu 29, íbúð 0101, útleiga á íbúð. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
24. Ari og Freydís kt. 270278-3379 Miðhvammi 641 Húsavík, útiræktun á grænmeti, upptaka, geymsla og pökkun eftir þörfum. **Samþykkt til 12 ára.**
25. Goblin ehf kt. 470121-0410 Brekkugötu 1b 600 Akureyri, spilasalur fyrir litla hópa ásamt spilavörubúð. **Samþykkt til 12 ára.**
26. Grandvottur/Hreint út kt. 600612-1070, Freyjunesi 4 603 Akureyri, endurnýjun á starfsleyfi vegna aðilaskipta. **Samþykkt til 12 ára.**
27. Steypustöð Akureyrar ehf kt. 540208-1150 Sjafnarnesi 2 603 Akureyri, framlenging á starfsleyfi til 12 mánaða. **Samþykkt til 12 mánaða.**
28. HGH verk ehf kt. 540510-0400 Súluvegi 2 600 Akureyri, rekstur steypustöðvar, verkstæðis og verslunarrekstur, framlenging á starfsleyfi til 12 mánaða. **Samþykkt til 12 mánaða.**

29. Trésmiðjan Rein kt. 701296-6059, umsókn um leyfi til að fjarlægja asbest af þaki Fossbergs á Húsavík. **Samþykkt.**
30. Rhel Details kt. 110474-4239, bón- og bílaþvottastöð Höfðabraut 1 Raufarhöfn. **Samþykkt til 12 ára.**
31. Loðpels ehf kt. 700497-4239, söluskáli, Aðalbraut 26, Raufarhöfn. **Samþykkt til 12 ára.**
32. Veiðihúsið Hof, kt. 470873-0199, 660 Mývatn. **Samþykkt til 12 ára.**
33. Vallkot kt. 010462-2559, 650 Laugar, útiræktun á grænmeti til sölu. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**

Önnur mál:

Ráðning framkvæmdastjóra:

Starfsmenn viku af fundi undir liðnum ráðning framkvæmdastjóra.

-Heilbrigðisnefnd kynnti sér gögn frá Sigríði Ólafsdóttur hjá Mögnum varðandi reynslu og hæfi umsækjenda um stöðu framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og ákvað að ganga til viðræðna við Leif Þorkelsson um að hann taki að sér starfið.

-Heilbrigðisnefnd ákvað að koma saman til lokafundar þegar líður á sumar.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 16.30.

Jón Ingi Cæsarsson

Alfreð Schiöth

Jóhann Gunnar Kristjánsson

Þórey Agnarsdóttir

Kristín Halldórsdóttir

Oddgeir Sigurjónsson

Lilja Guðnadóttir

Jóhannes Haukur Hauksson